



FUNDARGERÐ

Aðalfundur Klifurdeildar Fimleikafélagsins Björk

Haldinn þriðjudaginn 21.mars, kl. 20:00 í Félagsheimili félagsins að Haukahrauni 1.

Fundin sátu engir foreldrar fyrir utan stjórnarmeðlimi og einn föður sem búinn var að bjóða sig fram í stjórnina – sorglegt að sjá hve léleg mætingin var, því meira að segja í fundarboðunum var tilkynnt að stjórnin væri full mönnuð og fólk þyrfti ekki að hafa áhyggjur af því að vera kosið í stjórn án þess að hafa áhuga á því.

Formaður las skýrslu stjórnar – var hún samþykkt án athugasemda.
Því næst fór framkvæmdastjóri yfir stöðu deildarinnar, að vísu voru engir reikningar lagðir fram þar sem að endurskoðandi félagsins er ekki búinn að yfirfara og samþykkja þá, en útskýrði hún fyrir okkur að það væri smá halli á deildinni þar sem að á síðasta ári var millifært af reikningi aðalstjórnar og yfir á klifurdeildarsöfnun reikinginn 500.000 krónur sem var í raun afgangur deildarinnar árið 2015 og voru notaðar meðal annars til að kaupa skó og fleiri búnað fyrir deildina, þannig að það kemur sem kostnaður í árið 2016.
Einnig fór Didda yfir yfirlit af söfnunarreikningi deildarinnar.

Kosning stjórnar:

Didda formaður gaf kost á sér áfram.

Guðbjörg Helga Jónsdóttir gaf kost á sér áfram.

Kári Jóhannsson/Guðlaug Helga Þórðardóttir gáfu kost á sér áfram.

Lilja Björk Balvinsdóttir gaf kost á sér áfram.

Björn Hansson gaf ekki kost á sér áfram.

Nína Sif M. Gilsfjörð gaf ekki kost á sér áfram.

Ragnheiður Arngrímsdóttir gaf ekki kost á sér áfram.

Einn faðir var kosinn nýr í stjórn en hann var búinn að gefa kost á sér fyrir fundinn, það var: Garðar Þór Magnússon.

Birni, Nínu og Ragnheiði þökkum við samstarfið í klifurstjórn.

Önnur mál:

Kristín framkvæmdastjóri lagði til að það klifurdeildin léti útbúa keppnisboli sem allir keppendur frá okkur mæti í á mót, það sé svo miklu skemmtilegra, bæði þekkest þau í keppni og svo er það svo flott þegar þau komast á verðaunapall ;-)

Þar sem að engir foreldrar voru á fundinum nema stjórn klifurdeildar, þá fór Didda létt yfir starf klifurstjórnarinnar og kynnti fyrir nýjum stjórnarmeðlim.



Enn og aftur sköpuðust líflegar umræður um hávaða í tónlistinni í stóru Björk, þar sem sömu lögin eru spiluð aftur og aftur á óstjórnlegum hávaða og eiga klifurþjálfarar oft erfitt með að ná til sinna iðkenda, Didda talaði um að fá mæli sem mælir hávaðann og það sé þá hægt að hafa stjórn á tónlistinni, því svo sannarlega eru einhver mörk á því hversu hátt má spila.

Einnig var líka þörf á því að ræða umgengnina undir klifurveggnum enn og aftur, en það kemur of oft fyrir að ýmiss fimleikaáhöld eru komin inn á okkar svæði, sem er alls ekki nógu gott.

En þjálfarar töluðu einnig um að það væri nánast enginn núningur á milli deilda sem er mjög gott.

Rætt var aðeins um foreldraáhorf, Sjöfn talaði um að foreldrar væru alltaf velkomnir – það væru í raun engir sérstakir dagar áhorfsdagar.

Ákveðið var að reyna að stefna á að hafa æfingarnar í vor meira úti, það eru nokkur svæði sem hægt er að fara með yngstu iðkendurnar í göngufæri við Björkina, en svo væri hægt að fara á Litlu – Hnappavelli og í Öskjuhlíðina með eldri krakkana þá væri jafnvel hægt að taka strætó, síðan er auðvitað hægt að fara í Valshamar, Háabjalla, Pöstina og fleiri staði en þá yrði það að vara í samvinnu við foreldra því það þyrfti bílstjóra og bíla til að komast á þá staði.

Sjöfn sagð okkur frá því að hún og Ingvar Jónsson hefðu fyrir nokkrum árum rætt möguleikann á því að fá stóra grjóthnullunga til að klifra í fyrir framan litlu Björk, á grasið á milli hússins og bílastæðana, Didda ætlaði að athuga hvort það væri einhver möguleiki á þessu í dag, það væri frábær viðbót við æfingasvæðið okkar, frábært til að kynna yngstu iðkendunum fyrir úti klifri.

Ákveðið var að halda trygginganámskeið fyrir foreldra, það er í raun nauðsynlegt fyrir áhugasama foreldra sem vilja aðstoða börnin sín við að komast í útiklifur, einnig gæti það hjálpað til við að virkja foreldra í starfi deildarinnar

Fundi slitið 21:50

Fundinn ritaði fyrir hönd stjórnar
Sigríður Kr. Hafþórsdóttir
Formaður